

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Reyðarfirði



Dags eftirlits	12.10.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST		
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0	
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Freyr Guðmundsson	Staðsetning	725312,177	512055,178

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst við eftirlit er varðar merkingar geyma. Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók fyrir stöð Skeljungs á Reyðarfirði, skráningar og mælingar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í lagi.

Bensíngeymir (751-B201) var botnþykktarmældur árið 2008. Merkingar á geyminum þarf að endurnýja.

Lögn á bryggju var þrýstiprófuð árið 2010. Afgreiðslulögn í dæluhús liggur tvisvar í gegnum þróarvegg og því eru góðar tæringarvarnir nauðsynlegar þar sem jarðvegur liggur að lögninni.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni. Geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró). Frávik frá fyrra ári hefur verið lagfært. Steypt hefur verið upp í gamla lögn sem hafði verið aflögð og nú er þróin olíuheld.

Nýtt áfyllingarplan er í stöðinni og frárennsli af því fer í nýja olíuskilju. Krafa í starfsleyfi er um mælingu á olíuleifum í fráveituvatni stöðvarinnar á þriggja ára fresti.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.

Bensín er geymt í stöðinni á Reyðarfirði en undanþága frá gufuendurnýtingarbúnaði er í gildi fyrir stöðina.

Frávik frá

Ákvæði í starfsleyfi, grein 1.2 - Merkingar geyma

Lýsing á frávik

Ákvæði reglugerðar nr. 35/1994, 12. grein segir: „Upplýsingar um nafn framleiðenda, framleiðslunúmer, byggingarár, stærð og smíðastaðall skulu jafnframt koma fram á geyminum sjálfum á númeraðri plötu úr varanlegu efni“.

Merkja þarf geyminn með fastnúmeramerkingu

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd er gerð við olíubirgðastöðina

Reykjavík, 08.11.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.